

Bad Melody ehf.



Við erum Bad Melody ehf., nýtt fyrirtæki sem varð til í Garðabænum fyrr í ár. Fyrsta verkefni fyrirtækisins er að framleiða og gefa út appið Band Up. Band Up er einskonar “Tinder tónlistarmannsins”, en appið finnur fólk í nágrenni notandans sem hefur svipaðan áhuga á tónlist og parar notendur saman í þeirri von að notendurnir stofni hljómsveitir eða finni fólk til að spila tónlist með. Með þessu viljum við hvetja alla til að nýta tónlistarhæfileikana sína, eða að minnsta kosti gefa tónlistargerð tækifæri.

Við einbeitum okkur að því að efla tónlistarmenningu landsins með því að hjálpa ungu og uppnennandi tónlistarfólki að fóta sig í tónlistarheiminum. Það ætlum við að gera með því að halda reglulega tónleika þar sem minna þekkt tónlistarfólk fær að spreyta sig á sviði. Einnig ætlum við að aðstoða tónlistarfólki að koma tónlistinni sinni á helstu tónlistarveiturnar, eins og iTunes og Spotify. Við erum nú þegar komnir með öflugt tengslanet sem við ætlum að notfæra okkur til að hjálpa öðru tónlistarfólki að taka næsta skrefið í tónlistarheiminum.

Band Up hefur vakið mikla athygli, en verkefnið komst meðal annars í úrslit í frumkvöðlakeppni á vegum Junir Achievement Iceland. Nýsköpunarmiðstöðin hefur sýnt mikinn stuðning á verkefninu og var okkur boðin aðstoða í Setri Skapandi Greina á Hlemmi, en þessa stundina er það helsti vinnustaðurinn okkar. Stofnendur fyrirtækisins eru Arngrímur Bragi Steinarsson, Auðunn Kvaran, Jón Egill Hafsteinsson og Páll Gestsson.

Það er oft lítið framhjá ungu og efnilegu tónlistarfólki í tónlistarheiminum, og getur reynst erfitt fyrir lítið þekkt tónlistarfólk að koma sér á framfæri. Þetta er vandamál sem við viljum losna við, og er vonin að Band Up muni hvetja alla til að búa til tónlist og veita unga fólkinu athygli.

Þessa dagana er framleiðsla á appinu í fullum gangi og undirbúningur á annarri starfsemi Bad Melody er kominn vel á leið. Til að við getum tekið næsta skref í eflingu tónlistarlífs þurfum við á fjármagni að halda. Við erum með söfnunarsíðu á Karolinafund.com sem mun fjármagna helsta kostnaðinn við appið. En okkur vantar ennþá fjármagn fyrir tónleikahaldi og tilfallandi kostnaði við það (auglýsingar, leiga á sal o.s.frv.), og fannst okkur þá upplagt að biðja um styrk hjá Garðabæ þar sem við erum garðbæingar og fyrirtækið á rætur að rekja í bæjarfélagið.

Ef þið sjáið tækifæri í þessu verkefni langar okkur að biðja ykkur að íhuga að styrkja okkur, og myndi þá merki Garðabæjar birtast í kynningarefni fyrirtækisins (plakötum, kynningarmyndböndum o.fl). Kostnaður við tónleika er breytilegur, og erum við því að leita að frjálsum framlögum til að koma starfseminni okkar af stað.

Ekki hika við að hafa samband ef eitthverjar spurningar vakna.



Bestu kveðjur, Auðunn Kvaran
Markaðsstjóri Bad Melody
audunn@badmelody.com
Sími 777-8870